



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 13. ágúst 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit janúar-júní 2021 og fjárfestingayfirlit jan-júní 2021

Fyrir fundinum lá rekstrar- og fjárfestingayfirlit vegna janúar-júní sem sveitarstjóri fór yfir og skýrði. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og rekstur sveitarfélagsins almennt. Málið var til kynningar.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021 vegna rekstrar sveitarfélagsins.

Í tillögunni er gert er ráð fyrir nettó útgjöldum að upphæð 12,5 m.kr. og að niðurstöðu viðauka sé mætt með lækkun á handbæru fé.

Helstu breytingar í viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021 tengjast auknum framlögum til félags- og fræðslumála, launakostnaði og sölu félagslegra eigna.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að viðauka samhljóða með 5 atkvæðum.



4. Umsögn um rekstrarleyfi Hólanes veitingar ehf

Umsækjandi Jónas Óskarsson kt. 210661-5579 f.h. Hólaness veitinga ehf. kt. 690621-1930. Veitingahúsið er í flokki II og um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn sveitarstjórnar:

Fyrir fundinum lágu jákvæðar umsagnir slökkviliðsstjóra og byggingafulltrúa. Sveitarstjórn gerir því engar athugasemdir við að orðið verði við leyfisumsókn.

5. Samningur um rekstur Fellsborgar og skólamáltíðir

Fyrir fundinum lágu drög að samningum um skólamáltíðir og rekstur Fellsborgar við Harbour ehf. sem sveitarstjóra var falið að undirrita með áorðnum breytingum.

6. Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra – skýrsla

Fyrir fundinum lá skýrsla sem unnin var fyrir SSNV um samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra sem unnin var af Jóni Jónssyni og Eiríki Valdimarssyni hjá Rannsóknarsetri HÍ á Ströndum. Var skýrslan lögð fram til kynningar.

7. Trúnaðarmál

Bókun sveitarstjórnar var færð í trúnaðarbók.

8. Bréf

a. Tölvubréf Blönduósbæjar dags. 30. júní 2021

Með erindinu er send bókun frá 95. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar frá 29. júní 2021 sem er svohljóðandi:

„Sveitarstjórn Blönduósbæjar felur sveitarstjóra að undirbúa uppsögn á þeim samstarfssamningi sem gerður var þann 6. júní 2008, á milli Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, undir vinnuheitinu „Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu“ og þar með allar þær „Samþykktir um byggðasamlög“ sem fylgja þeim samningi og dagsettar eru 3. júní 2008.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Meðal annars er vísað til erindis frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsettu 24. ágúst 2020, þar sem gerðar [eru] athugasemdir við samþykktir byggðasamlaga, þeirri vinnu sem unnin var á vettvangi samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu, [fyrirliggjandi] breytinga á barnaverndarnefndum og fyrrir ályktana/bókana Blönduósbæjar um sama efni.

Sveitarstjórn áréttar fullan vilja til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um þau málefni sem nú eru í byggðasamlögum, samkvæmt samstarfssamningi.

Er þessi ákvörðun tekin með fyrirvara um endurskoðun, komi til frekari sameininga í Austur-Húnavatnssýslu“.

Erindið lagt fram til kynningar.

b. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið dags. 9. júlí 2021

Með erindi ráðuneytisins tilkynnist að umsókn um styrk vegna framkvæmda við fráveitur hefur verið samþykkt og styrkfjárhæðin nemur 30% af staðfestum heildarkostnaði vegna framkvæmda. Sveitarstjórn fagnar niðurstöðunni. Í máli sveitarstjóra kom fram að beðið sé eftir fullnaðarhönnun á nýju kerfi frá Verkfræðistofunni Stoð en vonast sé til þess að hægt verði að hefja undirbúning vegna framkvæmda á næstu mánuðum.

c. Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar dags. 19. júlí 2021

Með erindinu er tilkynnt tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Var sveitarstjóra falið að skila inn athugasemdum vegna fyrirliggjandi tillögu.

9. Fundargerðir

a. Fagráðs – málefni fatlaðs fólks dags. 15. maí 2021

Lögð fram til kynningar

b. Fagráðs – málefni fatlaðs fólks dags. 9. júní 2021



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Lögð fram til kynningar

c. Framkvæmdaráðs – málefni fatlaðs fólks. dags. 6. júlí 2021

Lögð fram til kynningar

d. Stjórnar Norðurár dags. 21. júní 2021

Lögð fram til kynningar

e. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 6. júlí 2021

Lögð fram til kynningar

f. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 24. júní 2021

Í fundargerð kemur fram að stjórn hafi samþykkt framkvæmdir í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun og lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 64.000.000 kr. til allt að 13 ára.

Bókun sveitarstjórnar:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Félags- og skólaþjónustu A-Hún sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 64.000.000 kr. til allt að 13 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Sveitarstjórnin veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við húsnæði á vegum Félags- og skólaþjónustu A-Hún, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Félags- og skólaþjónustu A-Hún til að breyta ekki ákvæði samþykka byggðasamlagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skagastönd selji eignarhlut í Félags- og skólaþjónustu A-Hún til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt Alexöndru Jóhannesdóttir framkvæmdastjóra kt. 070788-2339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skagaströnd veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

g. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 20. júlí 2021

Í fundargerð er óskað eftir heimild frá aðildarsveitarfélögum til þess að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins og bæta við einu viðbótarstöðugildi í barnavernd. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er kr. 903.680. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun.

10. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11:00.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Haldór G. Ólafsson

Halldór G. Ólafsson

Péturína I. Jakobsd.

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Róbert Kristjánsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Kristín B. Leifsdóttir

ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR

Alexandra Jóhannesdóttir